



Prestur: Sr. Gunnar Stígur Reynisson

Organisti: Guðlaug Hestnes

Kór: Samkór Hornafjarðar

Umsjón útfarar: Albert Eymundsson
og Örn Arnarson

*Fjölskyldan þakkar auðsýndan hlýhug og vináttu
og býður kirkjugestum að þiggja veitingar í
húsi Slysavarnarfélagsins að athöfn lokinni.*

Jarðsett verður í Hafnarkirkjugarði.



Henrik Stefán Bjarnason

Fæddur 1. apríl 1954

Dáinn 19. maí 2024



Útför frá Hafnarkirkju
mánudaginn 3. júní 2024



Forspil

Signing og bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
;.: Hærra, minn Guð, til þín, ;.:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
;.: Hærra, minn Guð, til þín, ;.:
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
;.: Hærra, minn Guð, til þín, ;.:
hærra til þín.

Adams / Matthías Jochumsson - L. Mason

Ritningarlestur

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,
mig glepur sýn,
því nú er nótt, og harla langt er heim.
Ó, hjálpin mín,
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú
og hennar ljós?
Mér sýndist bjart, en birtan þvarr, og nú
er burt mitt hrós.
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið,
uns fáráð öndin sættist Guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,
þú logar enn,
í gegnum báru, brim og voðasker.
Nú birtir senn.
Og ég finn aftur andans fögru dyr
og engla þá, sem barn ég þekkti fyrr.

Newman / Matthías Jochumsson - C. H. Purday



Ritningarlestur

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

Pétur Þórarinnsson - Amerískt þjóðlag

Guðspjall

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Foersom / Sveinbjörn Egilsson - P. C. Krossing 1820

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson - P. C. Krossing 1820

Minningarorð

Húmar að kveldi, hljóðnar dagsins ys,
hnígur að ægi gullið röðulblys,
vanga minn strýkur blærinn blíðri hönd,
og báran kveður vögguljóð við fjarðarströnd.
;.: Ég er þreyttur ;.: og ég þrái svefnsins fró.–
Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði' og ró.

Syngdu mig inn í svefninn, ljúfi blær,
sorgmæddu hjarta' er hvíldin jafnan vær.
Draumgyðjan ljúfa, ljá mér vinarhönd
og leið mig um þín töfraglæstu friðarlönd.
;.: Ég er þreyttur ;.: og ég þrái svefnsins fró.–
Kom, draumanótt með fangið fullt af friði' og ró.

Jón Jónsson frá Ljárskógum – Stephen Foster

Bæn – Faðir vor

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjövgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, –
líf mannlegt endar skjótt.

Moldun

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson - Antwerpen 1540 Breytt 1840

Blessun

Eftirspil